

Fundur fræðsluráðs og stjórnar Gilwell-skólans 26. febrúar 2015

Mættir: Ólafur Proppé, Dagbjört Brynjarsdóttir, Björk Norðdahl, Guðmundur Pálsson, Víking Eiríksson og Benjamín Axel Árnason. Jakob Frímann Þorsteinsson og Guðrún Häsler boðuðu forföll.

1. Staða mála

- a. **Gilwell-leiðtogaþjálfun (3. skref í gangi, 4. skref 11. apríl og 5. skref 30.-31. maí)**
Góður gangur, Opna skráningu fyrir 4. skref. Skoða eftir skráningu hvort við getum boðið 4. skref sem tvö kvöld (sjá lið f.) Dagga sendir út bréf sem GP semur og sendir á hana.
- b. **Framhaldsnám: Markþjálfun og hultverk mentora – endurmat**
24 sem kláruðu. Tókst vel til. Benjamín sendir út endurmat
- c. **Framhaldsnám: Stjórnun og kennsla á námskeiðum – 18. apríl og 9. maí – sjá námskeiðslýsingu.** Þarf að fara í markaðssetningu. GP tekur að sér að útbúa auglýsingu. Ólafur mun stýra undirbúningi og fá leiðbeinendur á námskeiðið.
- d. **Nýjar byrjanir? (Skref 1 og 2) – Fundur með SSR.** Hugmynd að koma á helgarnámskeiði með ævintýrablað þar sem 1. og 2. skref væru tekin saman. Innan SSR er um 14 manna hópur sem sá m.a. um Vetrarskátamótið sem hefði jafnvel áhuga á að sækja svona ævintýranámskeið. Benjamín er í sambandi við Jón Andra hjá SSR um það námskeið. Ólafur ræddi við félagsforingja Hamars og kynnti hugmynd um að sníða tímasetningar námskeiðs að aðstæðum stjórnar Hamars. **Samþykkt að bjóða upp á 1. og 2 skref á höfuðborgarsvæðinu á eftirfarandi hátt:**
 - i. 25. apríl fyrir 1. skref – heill dagur
 - ii. 7. og 21. maí 2. skref – 2 kvöldKynna og bjóða einnig á þessi námskeið sem framhalds- og endurmenntunarnámskeið fyrir þá sem luku Gilwell þjálfun samkvæmt eldra skipulagi.
- e. **Framhaldsnámskeið/símenntun og endurmenntun „Verkefni í skátastarfi“ (einn dagur) „Frá hugmynd að verkefni“** – laugardaginn 28. mars. Námskeið fyrir starfandi sveitarforingja. Innlegg um verkefnavinnu og svo er skipt í minni hópa sem fá verkefni af nýja verkefnavefnum sem þarf að fullvinna. Þátttakendur átta sig á uppbyggingu verkefna, þjálfast í gerð verkefna og eignast hlut í verkefnavefnum. Við fáum út úr því flotta viðbót við verkefnahluta dagskrárvefsins með heildstæðum verkefnum.
- f. **Fjórða skref sem tveggja kvölda námskeið**, stærð markhóps, dagsetningar ekki enn ákveðnar. Sjá lið a.

2. Gilwell-teymið

- a. **Starfslýsingar og starfssamningar** – þarf að vinna áfram í þessu. Benjamín og Björk þoka málinu áfram.
- b. **Níu nýir þriggja perlu Gilwell-skátar** – listinn uppfærður
- c. **Verkefnateymi: Forgangsröðun** – Þarf að vinna í að koma upp 1 og 2 skrefs hóp. Búa til starfslýsingar og ganga frá samningum um vinnuframlag. Þurfum að byrja á því að skilgreina verkefni – hvað þarf að gera – og út frá því samkomulög við sjálfboðaliða. Benjamín og Björk vinna áfram með þetta verkefni.
- d. **Félagsmál Gilwell-teymisins** – Gefa út ný Gilwell tíðindi og spurning um að hafa smá hóphrifting. Gilwell reunion?
- e. **Samstarf við stjórn og mannauðsteymi WSM2017** – sameiginleg gleði 19. maí.

3. Önnur mál

- a. **Education Method Forum í Tyrklandi 6. – 10. maí 2015** – Dagga og Ólafur vinna þetta saman á næstu dögum.
- b. **Norræna skátaþingið í Reykjavík 14.-16 maí 2015** – Kynnt fyrir ráðinu og unnið að því að finna þátttakendur. Þegar ljóst að Ólafur, Björk, Viking úr fræðsluráði sækja þingið

4. Fundir slitið 18:45